

Ed. **488. Nefndarálit** [102. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp og var lagt fram í neðri deild. Gerði deildin á því nokkrar breytingar. Landbúnaðarnefnd hefur rætt frv. á tveimur fundum. Meiri hlutinn leggur til, að það verði samþykkt eins og neðri deild gekk frá því. Minni hluti nefndarinnar, Ásgeir Bjarnason og Páll Þorsteinsson, mun skila séráliti.

Alþingi, 29. marz 1963.

Bjartmar Guðmundsson, Sigurður Ó. Ólafsson, Jón Þorsteinsson.
form., frsm. fundaskr.